

TÖLV3CF05

Forritun 3. Hlutbundin forritun.

Áfanginn er valáfangi fyrir alla nemendur skólans.

Undanfarar: TÖLV2BF05.

Áfanginn er ekki undanfari fyrir neinn áfanga.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í að ákveða sjálfir verkefni og standa skil á því. Mikilvægt er að nemandi geti sýnt sjálfstæð vinnubrögð og verið virkur í að finna út úr forritunar-áskorunum í verkefnum sínum og vera lausnamiðaður.

Í áfanganum hafa nemendur val um að velja nemendur sér sjálfstætt verkefni til að vinna undir handleiðslu kennara eða fá vikuleg verkefni í C# forritun. Nemendur hanna frá grunni eigin hugbúnað og er uppálagt að setja sér raunhæft verkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð en kennari fylgist með framgangi vikulega. Áfanginn hentar öllum sem hafa áhuga á að efla forritunarþekkingu sína og takast á við spennandi forritunarverkefni á áhugasviði nemenda.

Námsmat:

Áfanginn er tvískiptur, og hægt er að velja sjálfstætt verkefni í báðum hlutum eða bara öðrum. C# forritun er í boði í báðum hlutum. Í hverjum hluta eru 4 verkefni, og síðasta verkefni hvers hluta er lokaverkefni. Enginn próf eru í áfanganum en mikil áhersla á að mæta vel, vinna verkefni í tímum og mjög mikilvægt er að nemandi geti unnið sjálfstætt að sínum verkefnum.
